

2015-  
2016

## Bekkjarpési 2. – 4. bekkjar



Sveinbjörg Eva Jóhannesdóttir  
sveionbjorg@thorshafnarskoli.is  
Grunnskólinn á Þórshöfn  
2015-2016

# Bekkjarpési 2., 3. og 4. bekkjar – skólaárið 2015-2016

Þá hefur bekkjarnámskrá 2., 3. og 4. bekkjar litið dagsins ljós – eða Bekkjarpésinn! Hér má finna helstu upplýsingar er varða námið í vetur, s.s. markmið (úr Aðalnámskrá 2011), hugmyndir að námsefni, leiðir að markmiðum og námsmat. Erfitt er að setja fast niður allt námsefni því eitthvað verður kennt gegnum aðferðir byrjendalæsis og samþættingu námsgreina.

Í Bekkjarpésanum má einnig finna skólareglur, skóladagatal, lista yfir nemendur og starfsfólk, sjá nánar efnispætti hér fyrir neðan.

## Efnispættir

- Bekkjarlisti og starfsfólk
- Skólareglur Grunnskólans á Þórshöfn
- Stundaskrá
- Skóladagatal
- Námsgreinar; yfirlit yfir markmið, leiðir, efni og námsmat
  - Íslenska
  - Stærðfræði
  - Samfélagsfræði
  - Náttúrufræði
  - Upplýsinga- og tæknimennt
  - Enska
  - List- og verkgreinar
  - Íþróttir og sund

## Nemendur og starfsfólk – 2., 3. og 4. bekkur

Umsjónarkennarar: Lára Björk Sigurðardóttir og Sveinbjörg Eva Jóhannesdóttir

Stuðningsfulltrúi: Margrét Eyrún Níelsdóttir

Auka stuðningur í kennslu: Aníta Dröfn Reimarsdóttir og Sigríður Harpa Jóhannesdóttir

List- og verkgreinar: Hrafngerður Ösp Elíasdóttir

Íþróttir: Þorsteinn Ægir Egilsson

Stuðningur í íþróttahúsi: Lilja Jónsdóttir

ART-kennarar: Ásdís Hrönn Viðarsdóttir og Ingveldur Eiríksdóttir

### 2. bekkur

Atli Berg Kristjánsson

Jóhannes Líndal Benediktsson

Jón Bjarni Víkingsson

Marinó Jónsson

### 3. bekkur

Ásgerður Ólöf Júlíusdóttir

Birgitta Rúnarsdóttir

Heiðar Atli Einarsson

### 4. bekkur

Alexander Guðmundsson

Gabriela Uscio

Kamil Krzysztof Potrykus

Karolina Sara Tarasiewicz

Steinfríður María Alfreðsdóttir

Tómas Ari Sigurðsson

## Íslenska – 2., 3. og 4. bekkur

Kennarar: Lára Björk Sigurðardóttir og Sveinbjörg Eva Jóhannesdóttir

Fjöldi kennslustunda: 7 (einnig kennt á stöðvum og hringekju)

### Hæfniviðmið

#### 2. bekkur

Að nemandi geti:

- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Valið bók eða annað lesefni og lesið sér til ánægju.
- Dregið rétt til stafs og skrifað rétt og læsilega.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn ljóð eða skilaboð.
- Beitt töluðu og rituðu máli af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.

#### 3. bekkur

Að nemandi geti:

- Beytt skýrum og áheyrulegum framburði.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.

- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesir sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Dregið rétt til stafs og skrifað rétt og læsilega.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn ljóð eða skilaboð.
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.
- Beitt töluðu og rituðu máli af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.

#### 4. bekkur

Að nemandi geti:

- Beytt skýrum og áheyrilegum framburði.
- Sagt frá eftirminnilegum atburði og lýst ákveðnu fyrirbæri, endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið.
- Hlustað og horft með athygli á upplestur, leikið efni, ljóð og söngva og greint frá upplifun sinni.
- Átt góð samskipti, hlustað og sýnt kurteisi.
- Beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa þannig að lestur verði lipur og skýr.
- Tengt þekkingu sína og reynslu við lesefni í því skyni að ná merkingu þess.
- Valið sér lesefni eftir áhuga og þörf og lesir sögur, ljóð og fræðandi efni, sem hæfir lestrargetu, sér til ánægju og skilnings.
- Lesið ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- Beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði, umhverfi og boðskap.
- Aflað sér upplýsinga úr ýmsum tiltækum gagnabrunnum, svo sem bókum og á rafrænu formi.

- Dregið rétt til stafs og skrifað rétt og læsilega.
- Nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta, svo sem upphafi, meginmáli og niðurlagi.
- Samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn ljóð eða skilaboð.
- Eitt einföldum stafsetningarreglum og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.
- Skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu.
- Skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða lestri lesanda.
- Beitt töluðu og rituðu máli af nokkru öryggi og ræður yfir orðaforða og málskilningi sem hæfir þroska.
- Þekkt og fundið helstu einingar málsins, svo sem bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein.
- Raðað í stafrófsröð og gert sér grein fyrir notagildi þess við leit og skipulag.
- Gert sér grein fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.
- Búið til málsgreinar og ráðið við að greina málsgreinar í eigin texta.
- Greint mun á samnöfnum og sérnöfnum og m.a. bent á þau í eigin texta.
- Leikið sér með orð og merkingu, svo sem með því að ríma og fara í orðaleiki.

### Leiðir að hæfniviðmiðum

Ýmsar leiðir verða notaðar til að ná námsmarkmiðunum, en meðal annars verður notast við kennsluaðferðina Byrjendalæsi þar sem nýtt er alls kyns efni til kennslu og oft samþætting námsgreina í þemaverkefnum. Nemendur vinna með gæðatexta sem lesinn er fyrir þau og þau vinna svo með efni tengt textanum í ýmsum verkefnum og æfingum sem kennarar búa til.

Nemendur vinna að verkefnum og þrautum ýmist í einstaklings-, para og hópavinnu.

Heimanám: Heimalestur að lágmarki 5 skipti á viku.

### Efni

Fjölbreytt efni verður notað í gegnum Byrjendalæsi og má nefna þar barnabækur, sögur, námsefni í náttúru- og samfélagsfræði.

Annað efni:

- Ýmis verkefni valin eða samin af kennara.
- Ýmsar verkefna- og skriftarbækur, s.s. Ritrún 1-3, Ás – Tvistur – Þristur, Skinna, Ítalíuskraft, Skrift 1-4.
- Verkefni af skólavef og 123.skoli.is
- Verkefni af krakkasíðum nams.is
- Ýmis lesskilningverkefni

### Námsmat

Ýmsar aðferðir eru notaðar við námsmat í íslensku, s.s. jafningjamat og sjálfmat. Námsmat er valið þegar námeftni og verkefni er valið/búið til og þá er valin aðferð sem talin en henta verkefnum hverju sinni.

Einnig er horft er til virkni, viðhorfa og heimalesturs í námsmati.

### Yfirlit staðlaðra prófa:

#### *Lestarpóf*

Stefnt er að því að lestarprófa á yngsta stigi sex sinnum á skólaárinu, þrisvar fyrir áramót og þrisvar eftir áramót. Nemendur taka lestarpróf sem hæfa leshraða þeirra.

Lestarviðmið Grunnskólans á Þórshöfn eru eftirfarandi fyrir yngsta stig:

#### *Lokamarkmið í lestri (að vori)*

1. bekkur – 60 atkv./mín.
2. bekkur – 110 atkv./mín.
3. bekkur – 170 atkv./mín.
4. bekkur – 210 atkv./mín.

#### *Læsispróf*

Nemendur í 2. bekk taka læsispróf tvisvar á árinu, í nóvember og febrúar.

#### *Lesskilningpróf*

- Nemendur í 2. bekk tala lesskilningsprófið *Lesmál* í lok apríl.

- Nemendur í 3. og 4. bekk taka lesskilningsprófið *Orðarún* tvisvar á skólaárinu, í nóvember og mars.



## Stærðfræði – 2., 3. og 4. bekkur

Kennarar: Lára Björk Sigurðardóttir og Sveinbjörg Eva Jóhannesdóttir

Fjöldi kennslustunda: 3 (einnig kennt á stöðvum og hringekju)

### Hæfniviðmið

#### 2. bekkur

Að nemandi geti:

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.
- Notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Notað tugakerfisrithátt.
- Notað hugtök úr rúmfræði s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.

#### 3. bekkur

Að nemandi geti:

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir.
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.

- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur við til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.
- Notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Notað tugakerfisrithátt.
- Notað hugtök úr rúmfræði s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.

#### 4. bekkur

Að nemandi geti:

- Tekið þátt í samræðum um spurningar og svör sem eru einkennandi fyrir stærðfræði.
- Leyst stærðfræðiþrautir sem gefa tækifæri til að beita innsæi, notað áþreifanlega hluti og eigin skýringarmyndir.
- Sett fram, meðhöndlað og túlkað einföld reiknilíkön, talnalínur, teikningar og myndrit sem tengjast umhverfi hans og daglegu lífi.
- Rökrætt af innsæi um stærðfræðiverkefni sem tengjast eigin reynsluheimi, rökstutt niðurstöður sínar, val á lausnleiðum og fylgt röksemdafærslu annarra.
- Túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið tölur og aðgerðamerki og tengt þau við daglegt mál.
- Tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni.
- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur við til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Lesið og rætt um einfaldar upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök eru notuð.
- Unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á hugmyndum nemenda.
- Notað stærðfræði til að finna lausnir á verkefnum sem takast þarf á við í daglegu lífi og gerir sér grein fyrir verðgildi peninga.

- Notað náttúrulegar tölur, raðað þeim og borið saman.
- Notað tugakerfisrithátt.
- Leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi, með hugarreikningi, vasareikni, tölvuforritum og skriflegum útreikningum.
- Kannað, búið til og tjáð sig um reglur í mynstrum á fjölbreyttan hátt og leyst einfaldar jöfnur.
- Notað táknmál stærðfræðinnar til að meta sanngildi og tjá vensl eins og jöfnuð og röð.
- Notað hugtök úr rúmfræði s.s. um form, stærðir og staðsetningu til að tala um hluti og fyrirbrigði í daglegu lífi og umhverfi sínu.
- Áætlað og mælt ólíka mælieiginleika, s.s. lengd, flöt, rými, þyngd, tíma og hitastig með óstöðluðum og stöðlum mælitækjum og notað viðeigandi mælikvarða.
- Speglað og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn.
- Borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar.
- Talið, flokkað og skráð, lesið úr niðurstöðum sínum og sett upp í einföld myndrit.
- Tekið þátt í umræðum um gagnasöfnun og myndrit, bæði eigin og annarra.
- Tekið þátt í umræðum um tilviljanir og líkur, s.s. hvað er líklegt að muni gerast og hvað er tilviljunum háð.

### Leiðir að hæfniviðmiðum

Ýmsar leiðir verða notaðar til að ná námsmarkmiðunum, en mest megnis vinna nemendur sjálfstætt að verkefnum sínum. Ýmis verkefni, þrautir og æfingar verða í stöðva- og hringekjuvinnu, jafnvel í samþættingu námsgreina. Nemendur vinna að verkefnum og þrautum ýmist í einstaklings-, para og hópavinnu.

### Efni

Aðal námsefni í stærðfræði er Sproti (2a-4b, nemendabækur og æfingahefti). Einnig verður notað ýmislegt ítarefni og verklegar æfingar. Til dæmis:

- Stærðfræðitorg á nams.is og vefsíða sprotabókanna.
- Ýmsar verkefnabækur, s.s. Í undirdjúpunum – samlagning, Í undirdjúpunum – frádráttur, Eining, Viltu reyna?
- Verkefni af skólavef og 123.skoli.is

- Verkefni og leikir af krakkasíðum nams.is

## Námsmat

Stefnt er að því að nemendur taki æfingapróf sem fylgja sprotabókunum bæði á haust- og vorönn til að sjá hvar þau standa í námsefninu.

## Samfélagsfræði – 2., 3. og 4. bekkur

Kennarar: Lára Björk Sigurðardóttir og Sveinbjörg Eva Jóhannesdóttir

ART-kennarar: Ásdís Hrönn Viðarsdóttir og Ingveldur Eiríksdóttir

Fjöldi kennslustunda: 6 (einnig kennt á stöðvum og hringekju, ræðst af námsefni hverju sinni).

### Hæfniviðmið

#### 2. bekkur

Að nemandi geti:

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
- Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.
- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.
- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Áttað sig á ýmis konar afleiðingum athafna sinna.
- Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

#### 3. bekkur

Að nemandi geti:

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.

- Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.
- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
- Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.
- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.
- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- Sett sig í spor annarra jafnaldra.
- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Áttað sig á ýmis konar afleiðingum athafna sinna.
- Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

#### 4. bekkur

Að nemandi geti:

- Borið kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi.
- Lýst samhengi orða, athafna og afleiðinga.
- Sagt frá dæmum, um hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á hvernig fólk lifir.
- Bent á dæmi um áhrif tækni og framkvæmda á mannlíf og umhverfi.
- Gert sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
- Velt fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika.
- Áttað sig á mikilvægi fjölskyldunnar og fjölbreytni fjölskyldugerða í samfélagi manna.
- Varast hættur á heimili sínu og í nágrenninu.
- Sagt frá sjálfum sér með hliðsjón af búsetu, uppruna, fjölskyldu, siðum og venjum.
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Gert sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur.

- Bent á fyrirmyndir sem hafa áhrif á hann.
- Áttað sig á og lýst ýmsum tilfinningum, svo sem gleði, sorg og reiði.
- Gert sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti.
- Gert sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- Sett sig í spor annarra jafnaldra.
- Sett sér markmið og gert áætlanir við úrlausn afmarkaðra verkefna.
- Tekið þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi.
- Áttað sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform, hefur ólíkan bakgrunn og ber virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum.
- Sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Áttað sig á ýmis konar afleiðingum athafna sinna.
- Sýnt að hann virðir reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur.
- Sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi.

## Efni

Námsefni verður af fjölbreyttu tagi en mikið verður stuðst við bókaflokkinn *Komdu og skoðaðu*, ýmist kennt sem sér námsefni eða í samþættingu námsgreina/þema. Einnig verða ART tímar, lífsleikni og bekkjarfundir.

- ART
  - Nemendur í 1.-4. bekk fá 12 vikna kennslu í ART, Ingveldur og Ásdís kenna.
- Bekkjarfundir – hluti af arti og Olweusaráætlun
  - Bekkjarfundir verða vikulega. Nemendur fá þar tækifæri til að ræða ýmis málefni sem varða bekkinn/skólann og taka ákvarðanir innan bekkjarins.

## Námsmat

Ýmsar aðferðir eru notaðar við námsmat í samfélagsfræði, s.s. jafningjamat og sjálfmat. Námsmat er valið þegar námefni og verkefni er valið/búið til og þá er valin aðferð sem talin en henta verkefnum hverju sinni.

## Náttúrufræði – 2., 3. og 4. bekkur

Kennarar: Lára Björk Sigurðardóttir og Sveinbjörg Eva Jóhannesdóttir

Fjöldi kennslustunda: 4 (einnig kennt á stöðvum og hringekju, ræðst af námsefni hverju sinni).

### Hæfniviðmið

#### 2. bekkur

Að nemandi geti:

- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi hans.
- Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.
- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð.
- Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans.
- Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.
- Flokkað úrgang.
- Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.

#### 3. bekkur

Að nemandi geti:

- Geti komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi hans.
- Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.
- Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.
- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.



- Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð.
- Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans.
- Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.
- Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.
- Flokkað úrgang.
- Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.

#### 4. bekkur

Að nemandi geti:

- Útskýrt hvernig tækni hefur áhrif á lífsgæði fólks og umhverfi þeirra.
- Sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því.
- Geti komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu.
- Útskýrt hvernig tækni nýtist í daglegu lífi hans.
- Gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana.
- Sagt frá og framkvæmt með hversdagslegum
- Skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim.
- Hlustað á og rætt hugmyndir annarra.
- Tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, sýnt félögum og náttúru alúð.
- Skoðað og skráð dæmi um áhrif af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð.
- Tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru.
- Fylgst með og skráð upplýsingar um veður í heimabyggð.
- Útskýrt á einfaldan hátt byggingu og starfsemi mannlíkamans.
- Útskýrt mikilvægi hreyfingar, hreinlætis, hollrar fæðu og svefns.
- Lýst skynjun sinni og upplifun af breytingum á hljóði, ljósi og hitastigi og áhrifum sólarljóss á umhverfi, hitastig og líkamann og tengt hitastig við daglegt líf.
- Útskýrt einkenni lífandi vera, skýrt með dæmum lífsskilyrði lífvera og tengsl við umhverfi.
- Lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu.
- Flokkað úrgang.

- Rætt hvernig uppfinningar hafa gert líf fólks auðveldara eða erfiðara, á heimilum og í ólíkum atvinnugreinum.

### Efni

Námsefni verður af fjölbreyttu tagi en mikið verður stuðst við bókaflokkinn *Komdu og skoðaðu*, ýmist kennt sem sér námsefni eða í samþættingu námsgreina/þema. Einnig verður notast við efni af netinu í tengslum við námsefni.

### Námsmat

Ýmsar aðferðir eru notaðar við námsmat í náttúrufræði, s.s. jafningjamat og sjálfmat. Námsmat er valið þegar námefni og verkefni er valið/búið til og þá er valin aðferð sem talin en henta verkefnum hverju sinni.

## Upplýsinga- og tæknimennt – 2., 3. og 4. bekkur

Kennarar: Lára Björk Sigurðardóttir og Sveinbjörg Eva Jóhannesdóttir

Fjöldi kennslustunda: 1 (einnig kennt á stöðvum og hringekju, ræðst af námsefni hverju sinni).

### Hæfniviðmið

#### 2. bekkur

Að nemandi geti:

- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.

#### 3. bekkur

Að nemandi geti:

- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.
- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.

#### 4. bekkur

Að nemandi geti:

- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni.
- Leitað upplýsinga og nýtt við verkefnavinnu.
- Nýtt upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna.

### Efni

Nemendur notast mikið við vefinn nams.is til að vinna ýmis verkefni í tengslum við aðrar greinar.

Einnig verða unnin verkefni í ritun/fingrasetningu og fleiru.

## Námsmat

Námsmat er valið þegar námefti og verkefni er valið/búið til og þá er valin aðferð sem talin en henta verkefnum hverju sinni.

## Enska – 2., 3. og 4. bekkur

Kennarar: Lára Björk Sigurðardóttir og Sveinbjörg Eva Jóhannesdóttir

Fjöldi kennslustunda: 1

### Hæfniviðmið

#### 2. bekkur

Að nemandi geti:

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar

#### 3. bekkur

Að nemandi geti:

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.
- Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.

#### 4. bekkur

Að nemandi geti:

- Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst.
- Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.
- Skipst á upplýsingum og skoðunum við skólasystkini og kennara um efni tengt náminu.

- Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.

### Efni

Efni verður af fjölbreyttum toga og eitthvað stuðst við efnið *Right on!*. Einna helst verður unnið með orðaforða og einföld orð gegnum verkefni og leiki.

### Námsmat

Námsmat er valið þegar námefni og verkefni er valið/búið til og þá er valin aðferð sem talin en henta verkefnum hverju sinni. Mest stuðst við virkni og sjálfsmat.

# List- og verkgreinar – 2., 3. og 4. bekkur

## Smíðar hjá yngsta stigi 1.-4. bekkur veturinn 2015-2016.

Kennari Hrafngerður Ösp Elíasdóttir

Tími 40 mínútur á viku.

### Verkefni

- Nemendur velja sér verkefni.
- Kennari er með innlögn varðandi verkefni.
- Nemendur gera ýmsa nytja og skrauthluti.

### Hæfniviðmið

Þar sem þetta er breiður hópur aldurslega séð þá eru fyrstu fjögur markmiðin ætluð yngstu nemendum og aukast svo markmiðin eftir því sem nemendur verða eldri.

- Að þjálf hug og hönd, ásamt tilfinningu fyrir efni, formi og litum.
- Að þekkja og geta beitt einföldum handverkfærum.
- Að þjálfast í að fara eftir fyrirmælum svo nemendur verði sjálfstæðir í vinnu sinni.
- Að læra og tileinka sér margs konar aðferðir og vinnubrögð, hagkvæmar vinnustellingar, rétta notkun áhalda, samhliða þjálfun til sjálfstæðrar sköpunar eftir því sem aldur og þroski leyfir.
- Að geta gert lýsandi vinnuteikningar af verkum sínum
- Að gera sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni.
- Að vekja og efla áhuga nemenda fyrir nytsömu og þroskandi tómstundastarfi sem gefur þeim færi á að gleðja sig og sína nánustu með því að skapa hluti og hafa persónuleg gildi.

### Námsmat.

Hegðun, árangur vinnunnar, vinnubrögð, ástundun og það hvernig nemandi tekur tilsögn í tímum.

## **Myndmennt hjá yngsta stigi, 1.-4. bekkur veturinn 2015-2016**

**Kennari** Hrafngerður Ösp Elíasdóttir

**Tími** 40 mínútur á viku

### **Verkefni**

- nemendur segja frá sumrinu og velja eitt atvik/ferðalag, teikna og lita.
- nemendur vinna myndir með bleki og vatnslitum.
- nemendur vinna myndir með þekjulitum.
- nemendur gera klippimyndir úr pappír.
- nemendur gera sum verkefni að eigin vali flest eru þó innlögn frá kennara.

### **Hæfniviðmið**

Þar sem þetta er breiður hópur aldurslega séð þá eru fyrstu fjögur markmiðin ætluð yngstu nemendum og aukast svo markmiðin eftir því sem nemendur verða eldri.

- Að þjálf hug og hönd, ásamt tilfinningu fyrir efni, formi og litum.
- Að þekkja og geta beitt einföldum handverkfærum.
- Að þjálfast í að fara eftir fyrirmælum svo nemendur verði sjálfstæðir í vinnu sinni.
- Að læra og tileinka sér margs konar aðferðir og vinnubrögð, hagkvæmar vinnustellingar, rétta notkun áhalda, samhliða þjálfun til sjálfstæðrar sköpunar eftir því sem aldur og þroski leyfir.
- Að geta gert lýsandi vinnuteikningar af verkum sínum
- Að gera sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni.
- Að vekja og efla áhuga nemenda fyrir nytsömu og þroskandi tómsundastarfi sem gefur þeim færi á að gleðja sig og sína nánustu með því að skapa hluti og hafa persónuleg gildi.

### **Námsmat.**

Hegðun, árangur vinnunnar, vinnubrögð, ástundun og það hvernig nemandi tekur tilsögn í tímum.

## Verkefni í textíl hjá yngsta stigi, 1.-4. bekkur veturinn 2015-2016

Kennari Hrafngerður Ösp Elíasdóttir

Tími 40 mínútur á viku.

### Verkefni

- nemendur gera verkefni úr filtefnum.
- nemendur sauma út í hin ýmsu efni.
- nemendur þæfa ull og gera ýmsa nytjahluti.
- nemendur þrjúna.

### Hæfniviðmið

Þar sem þetta er breiður hópur aldurslega séð þá eru fyrstu fjögur markmiðin ætluð yngstu nemendum og aukast svo markmiðin eftir því sem nemendur verða eldri.

- Að þjálf hug og hönd, ásamt tilfinningu fyrir efni, formi og litum.
- Að þekkja og geta beitt einföldum handverkfærum.
- Að þjálfast í að fara eftir fyrirmælum svo nemendur verði sjálfstæðir í vinnu sinni.
- Að læra og tileinka sér margs konar aðferðir og vinnubrögð, hagkvæmar vinnustellingar, rétta notkun áhalda, samhliða þjálfun til sjálfstæðrar sköpunar eftir því sem aldur og þroski leyfir.
- Að geta gert lýsandi vinnuteikningar af verkum sínum
- Að gera sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða og góðrar umgengni.
- Að vekja og efla áhuga nemenda fyrir nytsömu og þroskandi tólmundastarfi sem gefur þeim færi á að gleðja sig og sína nánustu með því að skapa hluti og hafa persónuleg gildi.

### Námsmat.

Hegðun, árangur vinnunnar, vinnubrögð, ástundun og það hvernig nemandi tekur tilsögn í tímum.